

LANDPÓSTURINN

5. tbl. 8. árg. desember 1996 Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík, ábm. nú: Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Sérstök fréttatilkynning:

Fyrirlestur 17. desember 1996

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga þriðjudaginn 17. desember 1996 og hefst hann kl. 20.30 í stofu 101 í Odda.

Dr. Margaret G. Ottum mun í máli og myndum lýsa staðháttum, náttúruferjum og menningu í Vermont ríki í Bandaríkjunum.

Vermont er eitt af smærri ríkjum Bandaríkjanna, aðeins 25.000 ferkílómetrar og íbúar eru rúmlega hálf milljón. Vermont fékk ríkisréttindi 1791 og er eitt af Nýja Englands ríkjunum og vinsælt ferðamannaland. Dr. Ottum mun sérstaklega ræða umhverfis- og ferðamál í ríkinu.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti, allir velkomnir.

Dvöl Dr. Ottum á Íslandi fer senn að ljúka, en hún hefur verið Fulbright-kennari við jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands nú á haustmíssin. Hún mun hverfa til síns heima á annan í jólum þegar hún hefur fengið smjörþefinn af því hvernig Íslendingar halda jól. Hún hefur kennt námskeið um umhverfismál á vegum jarð- og landfræðiskorar og hefur það verið vel sótt, einkum af landfræðinemum.

Ennfremur hefur hún stjórnað málstofu um þjóðgarða, stjórnun þeirra og vandamál í sambandi við fjölsóttu og vinsæla ferðamannastaði og rætt vandamál í sambandi við vistvæna ferðamennsku. Bæði háskólanemar og áhugamenn "utan úr bæ" hafa sótt málstofuna og hafa oft verið fjörugar og skemmtilegar umræður.

Opinber fyrirlesur Dr. Ottum á vegum Háskólans um þjóðgarða og stjórnun þeirra, sem haldinn var í október, var vel sóttur og forvitnilegur.

Munið 10 ára afmæli félagsins, sem haldið verður upp á föstudaginn 17. janúar 1997.

Fundur hefst í Norræna húsinu kl. 13.00 og málefni dagsins verður Íslenskur atlas.

Sænskur gestafyrirlesari, prof. Staffan Helmfrid, mun þá einnig fræða okkur um Sænska atlasinn. Nánari dagskrá þar sem greint verður frá fyrirlesurum og öðrum þáttum afmælishátíðarinnar er væntanleg í næsta fréttabréfi, sem væntanlegt er með hefðbundnu útliti um áramótin.

Jóla- og nýárskveðjur frá stjórn